

Gróskudagar 2018 – smiðjur

Boccia

Lýsing: Nemendur munu spila boccia. Í lokin munu þeir þekkja boccia reglurnar og þekkja sögu og stöðu boccia íþróttarinnar á Íslandi og annars staðar í heiminum.

Hvenær: Þriðjudag kl.10:30-12:00 og Miðvikudag kl.10:30-12:00

Hvar á að mæta? Fyrir utan stofu 13

Leiðbeinandi: Stefan Gunther

Annað sem er mikilvægt að vita: Nemendur þurfa ekki að mæta með búnað. Leiðbeinandi útbýr leikvöll og útvegar boccia kúluset.

Bollakökur - bakstur

Lýsing: Í smiðjunni munum við baka bollakökur sem verða svo skreyttar eftir hádegi. Boðið verður upp á kökurnar með kaffinu í lok dags

Hvenær: Miðvikudag kl.8:30-10:00

Hvar á að mæta? Í eldhúsið í mötuneyti MÍ

Leiðbeinandi: Dóróthea

Bollakökur - skreytingar

Lýsing: Í smiðjunni munum við skreyta bollakökur sem bakaðar voru um morguninn. Boðið upp á kökurnar með kaffinu í lok dags

Hvenær: Miðvikudag kl.13:20-14:50

Hvar á að mæta? Í eldhúsið í mötuneyti MÍ

Leiðbeinandi: Dóróthea

Borðspil

Lýsing: Í þessari smiðju geta nemendur prófað að spila ýmis konar borðspil að eigin vali. Á staðnum verða ólík spil úr fórum leiðbeinanda. Nemendum er einnig frjálst að koma með önnur spil sem þeir hafa áhuga á að spila.

Hvenær: Þriðjudag kl.8:30-10:00 og miðvikudag kl.8:30-10:00

Hvar á að mæta? Í stofu 7

Leiðbeinandi: Sólrún

Café Lingua

Lýsing: Café Lingua, tungumálakaffihús, opnar gátt inn í mismunandi menningarheima Menntaskólans á Ísafirði. Café Lingua verður vettvangur fyrir þá sem vilja efla tungumálakunnáttu sína og hafa áhuga á að spreyta sig á ýmsum tungumálum. Eru nokkuð tvítyngdir MÍ nemendur? Boðið verður upp á kaffi, te, köku, stemningu, spjall og „silent library disco“

Hvenær: Þriðjudag kl.8:30-10:00 og miðvikudag kl.8:30-10:00

Hvar á að mæta: Bókasafn MÍ

Leiðbeinendur: Júlía og Nadja

Annað sem er mikilvægt að vita: Það má koma með Bluetooth headphones

Dagblað / fjölmiðlar

Lýsing: Nemendum er leiðbeint við gerð dagblaðs ásamt öðru sem hægt er að vinna með í umbrotsforriti (e. publisher). Í lok Gróskudaga er stefnt að því að gefa út blað sem tileinkað verður því starfi sem fram fer á Gróskudögum. Í því verða m.a. viðtöl, blaðagreinar, spurning dagsins, auglýsingar o.fl. Nemendur taka einnig myndir af ýmsum viðburðum á Gróskudögum og síðast en ekki síst verða tekin upp myndskreið á myndbandsupptökuvél sem sýnd verða við fyrsta tækifæri. Einnig verður farið í heimsókn á BB ef að tími gefst til og leyfi fæst til heimsóknar. Í smiðjunni er boðið upp á vinnu með nýjustu tæki og tól hvað snertir ljósmynda- og myndbandsupptökuvélar, hljóðritunartæki og klippiforrit.

Hvenær: Miðvikudag kl.8:30-12:00. Ath. tveir samliggjandi stokkar

Hvar á að mæta? Í stofu 3

Leiðbeinandi: Emil Ingi

Fyrirlestur með Heiðari Loga

Lýsing: Heiðar Logi er atvinnumaður á brimbretti. Hann ætlar að flytja fyrirlestur um það hvernig honum hefur tekist á kljást við ADHD

Hvenær: Þriðjudag kl.10:30-12:00

Hvar á að mæta? Í stofu 14

Umsjón: Sólrísunefnd

Gönguferð um Ísafjörð

Lýsing: Farin verður gönguferð um bæinn undir leiðsögn svæðisleiðsögumanns sem segir frá því helsta sem fyrir augu ber. Í lok gönguferðar verður komið við á kaffihúsi.

Hvenær: Þriðjudag kl.8:30-12:00

Hvar á að mæta? Fyrir utan stofu 9

Leiðbeinandi: Emil Ingi

Annað sem er mikilvægt að vita: Mætið hlýlega klædd og í skóm sem henta í gönguferðir. Ef þið viljið kaupa eitthvað á kaffihúsi takið þið með ykkur pening fyrir drykkjum og kaffibrauði.

Jóga

Lýsing: Í smiðjunni kynnast nemendur og taka þátt í Jógaiðkun

Hvenær: Miðvikudag kl.13:20-14:50

Hvar á að mæta? Í Mávagarð

Leiðbeinandi: Aðalheiður

Kareoke

Lýsing: Í smiðjunni verða töfrar kareoke leystir úr læðingi. Hver og einn þátttakandi fær tækifæri til að nálgast sína innri stjörnu og leyfa henni að skína.

Hvenær: Þriðjudag kl.13:00-14:30

Hvar á að mæta? Í stofu 9

Leiðbeinandi: Gunnar Jónsson og Björg Sveinbjörnsdóttir

Kvikmyndasmiðja

Lýsing: Nemendur fá þjálfun í að greina og gagnrýna kvikmyndir. Hópverkefni og samtöl. Videó og stiklur verða sýndar

Hvenær: Miðvikudag kl.8:30-10:00

Hvar á að mæta? Í stofu 12

Leiðbeinandi: Einar Þór Gunnlaugsson

Annað sem er mikilvægt að vita: Mætið með síma. Áður en þið mætið í smiðjuna skuluð þið hafa gert upp við ykkur hvaða kvikmynd er sú versta, og sú besta sem þið hafið séð að ykkar mati.

Kynfræðsla

Lýsing: Í smiðjunni mun fara fram jafningjafraðsla þar sem nemendur skólans verða með erindi um kynheilbrigði

Hvenær: Þriðjudag kl.13:00-14:30

Hvar á að mæta? Í stofu 17

Umsjónarmaður: Kolbrún Fjóra

Ljósmyndamaráðon

Lýsing: Í þessari smiðju fá nemendur lista með titilum af ljósmyndum og eiga að taka myndir sem passa við hvern titil. Aðeins má skila inn einni mynd fyrir hvern titil. Nemendur birta myndir sínar í facebook hópi fyrir ljósmyndamaráðonið. Keppt verður um bestu myndirnar. Nemendur geta unnið 1-3 saman.

Hvenær: Þriðjudag kl.10:30-12:00

Hvar á að mæta? Í stofu 12

Leiðbeinandi: Anna Jóna

Annað sem er mikilvægt að vita: Nemendur þurfa að koma með snjalltæki með myndavél, eða stafræna myndavél og tæki til að geta birt myndirnar á facebook síðunni.

Um, með og í tónlist með Hauki Magg

Lýsing: Um, með og í tónlist með Hauki Magg

Hvenær: Miðvikudag kl.10:30-12:00

Hvar á að mæta? Í stofu 14

Leiðbeinandi: Haukur Magnússon

Myndbandakeppni

Lýsing: Í þessari smiðju fá nemendur tímann í smiðjunni til að gera myndband þar sem unnið er með ákveðið þema. Nemendur fá að vita þemað í upphafi smiðjunnar. Skila á myndbandi í facebook hóp í lok smiðjunnar. Keppt er um besta myndbandið. Nemendur geta verið 1-4 saman.

Hvenær: Þriðjudag kl.8:30 og miðvikudag kl.10:30

Hvar á að mæta? Í stofu 12

Leiðbeinandi: Anna Jóna

Annað sem er mikilvægt að vita: Nemendur þurfa að hafa með sér tæki til að geta gert myndband.

Ofurhetjur í myndum og teiknimyndasögum

Lýsing: Í smiðjunni munu nemendur skoða og ræða saman um ofurhetjur í myndum og teiknimyndasögum

Hvenær: Miðvikudag kl. 8:30-10:00 og kl. 10:30-12:00

Hvar á að mæta? Í stofu 13

Leiðbeinandi: Fjölnir

Skapandi skrif

Lýsing: Smiðjan er leidd af þeim Emmu Beynon og Jenny Valentine frá Wales. Þær eru rithöfundar, ljóðskáld og kennarar og nota ansi skemmtilegar aðferðir til að þjálfa sagnaandann. Þetta er frábært tækifæri fyrir nemendur sem hafa áhuga á því að skrifa t.d. sögur eða ljóð, leika, búa kvikmyndahandrit, snappa, eða vilja einfaldlega skemmta sér vel. Í smiðjunni verða gerðar margs konar æfingar sem efla sköpunarkraftinn og veita innblástur.

Hvenær: Miðvikudag kl.8:30-12:00 (Ath. tveir samliggjandi stokkar)

Hvar á að mæta? Í stofu 4

Leiðbeinandi: Björg, Emma Beynon og Jenny Valentine

Skíðaganga

Lýsing: Skíðaganga er frábær valkostur í útivist og líkamsrækt. Smiðjan er jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Farið verður yfir helstu tækniatriði og óskráðar reglur í skíðagöngubrautum.

Hvenær: Á þriðjudeginum frá kl. 13:15-14:15. Þeir sem ætla að leigja búnað þurfa að mæta aðeins fyrr.

Hvar á að mæta? Í skíðaskálann á Seljalandsdal

Leiðbeinandi: Stella

Spilagaldrar

Lýsing: Nemendur læra nokkra spilagaldra, bæði einfalda og flókna, sem þeir eiga svo að spreyta sig á við nokkur vel valin fórnarlömb

Hvenær: Þriðjudagur kl.8:30-10:00

Hvar á að mæta? Í stofu 13

Leiðbeinandi: Dóróthea

Spilavist

Lýsing: Í smiðjunni verður spiluð félagsvist á fjögurra manna borðum eftir ákveðnu kerfi. Ekki þarf að kunna að spila vist til að vera með. Spilaðar verða 12 umferðir.

Hvenær: Miðvikudag kl.10:30-12:00 og kl.13:20-14:50

Hvar á að mæta? Í stofu 7

Leiðbeinandi: Sólrún

Tónlistarsmiðja

Lýsing: Starfið í tónlistarsmiðjunni felst í því að njóta góðrar tónlistar og lagasmíðum. Nemendur geta komið með sína eigin geisladiska með ýmsum hljómsveitum og samið kynningarefni um þær t.d. á veggspjöldum eða með glærugerðarforriti. Þá er einnig gert ráð fyrir að þeir fái tækifæri til að semja eigin tónlist og/eða æfa lög annarra til flutnings á sal. Þá er ekki loku fyrir það skotið að horft verði á tónlistarmyndbönd.

Hvenær: Þriðjudag kl.13:14:30 og miðvikudag kl.13:20-14:50

Hvar á að mæta? Í stofu 3

Leiðbeinandi: Emil

Umhverfissmiðja

Hvenær: Miðvikudag kl.13:20-14:50

Hvar á að mæta? Í stofu 14

Leiðbeinandi: Guðbjörn Sölvason

Út að leika

Lýsing: Út að leika. Þarf eitthvað að útskýra það nánar?

Hvenær: Miðvikudag kl. 13:20

Hvar á að mæta? Í andyri MÍ

Leiðbeinandi: Kolbrún Fjóla

Annað sem er mikilvægt að vita: Komið klædd til að vera úti

Verkstæði MÍ nema

Lýsing: Í smiðjunni munu nemendur spreyta sig á viðgerðum á ýmsum tækjum og tólum undir leiðsögn kennara í verkmenntahúsi. Nemendur eða kennarar geta komið með biluð tæki eða aðra hluti sem nemendur gera sjálfir við ýmist með aðstoð leiðbeinenda eða með öðrum nemum í smiðunni. Tekið er við öllum smærri tækjum og hlutum, en þó ekki bifreiðum.

Hvenær: Allur tíminn báða dagana

Hvar á að mæta? Í verkmenntahús MÍ

Leiðbeinandi: Friðrik og Jón Guðni

Annað sem er mikilvægt að vita: Það er tilvalið að koma tækjum í hús daginn áður, mánudaginn 5. mars.

Víkingaskák

Lýsing: Markmið smiðjunnar er að kynna nemendum hinn einstaka heim víkingaskákarinnar. Farið verður yfir mannganginn og reglur víkingaskákar og að því búnu tefla þátttakendur hver við annan.

Hvenær: Þriðjudag kl.13:00-15:30 og miðvikudag kl.10:30-12:00

Hvar á að mæta? Í stofu 5

Leiðbeinandi: Guðjón Torfi